

Hafnarfjarðarbær

Ársreikningur  
2010

Hafnarfjarðarbær  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Kt. 590169-7579

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun bæjarstjóra .....	3
Áritun bæjarstjórnar .....	4
Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna .....	5
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

## Skýrsla og áritun bæjarstjóra

---

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 13.623 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 12.364 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 13,28% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,24% en lögbundið hámark þess er 0,50%, í B-flokki nam álagningarhlutfall 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,60% en lögbundið hámark þess er 1,32%, en auk þess hafa sveitarstjórnir heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C-flokki um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins, samkvæmt ársreikningi A og B hluta, var jákvæð um 465,6 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 214,5 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2010 nam 8.980 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 5.875 millj. kr.

Stjórnendur sveitarfélagsins hafa á undanförunum mánuðum unnið að endurfjármögnun sveitarfélagsins en fjármögnun ársins 2011 er ekki lokið. Í apríl 2011 var á gjalddaga erlent eingreiðslulán að fjárhæð 4.207 millj. kr. sem ekki hefur verið greitt. Samningaviðræður við þann lánveitandanda standa yfir en jafnframt eru viðræður við innlenda lánastofnanir um endurfjármögnun lána sveitarfélagsins.

Á árinu 2010 var skuldabréf útgefið af Orkuveitu Reykjavíkur selt en andvirði bréfsins 3.693 millj. kr. fór til greiðslu innlendra og erlendra lána. Bréfið var selt með afföllum og eru þau færð meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda sjá skýringar nr. 7 og 11.

Í bréfi dagsettu 17. janúar 2011 tilkynnti Ríkisskattstjóri sveitarfélaginu, að hann hefði í hyggju að færa söluhagnað eignarhluta í HS Orku hf. sem stofn til fjármagnstekjuskatts í skattframtali Hafnarfjarðarbæjar 2010 í 15% skatthlutfalli. Þann 22. mars 2011 úrskurðaði Ríkisskattstjóri að söluhagnaðar hlutabréfa í HS Orku hf. sé skattskyldur á árinu 2010. Þar með var ekki fallist á beiðni sveitarfélagsins að færa hagnaðinn á skattframtal 2009. Stjórnendur sveitarfélagsins eru að láta meta réttmæti úrskurðar Ríkisskattstjóra, meðal annars með tilliti til jafnræðisreglu stjórnarskrár Íslands. Í ársreikningi er fjármagnstekjuskatturinn færður til skuldar miðað við 10% skatthlutfall auk vaxta samtals 546,7 millj.kr.


Í ársbyrjun 2010 nam lífeyrisskuldbinding sveitarfélagsins hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga og Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins samtals 112,6 millj. kr. samkvæmt útreikningi tryggingastærðfræðings. Skuldbinding þessi hefur ekki verið færð í ársreikning sveitarfélagsins áður en er nú færð sem skuldbinding og til lækkunar á eiginfjárreikningi.

Sveitarfélagið ásamt stofnunum þess ber ábyrgð á skuldbindingum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar ásamt öðrum aðildarfyrirtækjum sjóðsins, þar með talið Byr sparisjóði sem er í slitameðferð. Óvissa ríkir um uppgjör lífeyrisskuldbindingar starfsmanna sparisjóðsins í eftirlaunasjóðnum, en hún nemur um 1,5 milljörðum kr. í árslok 2010.

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2010 er gefinn út hinn 17. maí 2011 og er á þeim degi tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Hafnarfirði, 17. maí 2011

Bæjarstjóri:



## Áritun bæjarstjórnar

---

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2010 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Ársreikningurinn er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Hafnarfirði, 1. júní 2011

Bæjarstjórn:

Gudrún Hj. Guðmundsdóttir

~~Guðrún Hj. Guðmundsdóttir~~

Gunnur Arnald

Ágústur Sveinsson

Ben Jonsson

Valdimar Sveinsson

Helga Þrygólfsdóttir

Þorsteinn Þorsteinsson

Ólafur Guzi Tomasson

Guðmundur Guðmundsson

# Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreiknings séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins í árslok 2010 og umfjöllun í skýrslu bæjarstjóra um óvissu varðandi fjármögnun ársins 2011. Í ársreikningnum kemur fram að veltufjárhlutfall A og B hluta er 0,27 í árslok 2010 en fjármögnun samningsbundinna afborgana samkvæmt lánasamningum á árinu 2011 er ekki frágengin. Ríkir því óvissa um greiðslugetu sveitarfélagsins á árinu 2011.

Auk þess viljum við vekja athygli á upplýsingum í skýringu 14a, en þar kemur fram að óvissa ríki um uppgjör lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna Byrs sparisjóðs í Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar. Skuldbinding vegna starfsmanna sparisjóðsins nemur um 1,5 milljörðum kr. í árslok 2010. Komi skuldbinding þessi til með að falla að einhverju leyti á sveitarfélagið getur það haft verulega neikvæð áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

## Staðfesting vegna skýrslu bæjarstjóra

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.


Reykjavík, 17. maí 2011

KPMG ehf.



Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Hafnarfjarðarbæjar, höfum yfirfarið ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2010. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Hafnarfirði, 17. maí 2011



## Rekstrarreikningur ársins 2010

Skýr	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Ársreikningur 2009	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Ársreikningur 2009
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar og fasteignaskattur .....	10.306.818	9.845.014	10.495.798	10.272.407	9.786.645	10.463.065
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	565.397	426.180	483.856	565.397	426.180	483.856
Aðrar tekjur .....	1.492.180	1.778.142	1.928.840	2.785.592	2.709.526	3.214.212
4	12.364.395	12.049.336	12.908.494	13.623.396	12.922.351	14.161.133
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	5 7.235.015	6.177.338	7.192.823	7.413.489	6.344.551	7.367.136
Annar rekstrarkostnaður .....	6 4.444.586	4.376.138	4.735.220	4.722.245	4.292.348	5.033.911
Afskriftir .....	9 626.637	584.605	571.360	878.102	892.884	787.257
	12.306.238	11.138.081	12.499.403	13.013.836	11.529.783	13.188.304
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda .....	58.156	911.255	409.090	609.560	1.392.568	972.829
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	7 156.347	(604.518)	(1.922.413)	(143.953)	(981.927)	(2.653.986)
<b>Rekstrarniðurstaða</b> .....	13 214.503	306.737	(1.513.323)	465.607	410.641	(1.681.157)

# Efnahagsreikningur

		Eignir			
		A hluti		A og B hluti	
Skýr.		2010	2009	2010	2009
<b>Fastafjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
	Fasteignir, lóðir og lendur .....	28.129.124	26.266.325	33.566.055	31.726.351
	Veitur, götur og hafnarmannvirki .....	2.637.504	2.105.971	8.669.945	8.233.191
	Vélar, áhöld og tæki .....	305.970	336.107	341.956	382.885
	Leigðar eignir .....	789.373	840.600	789.373	840.600
	9	31.861.971	29.549.003	43.367.329	41.183.027
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
	Stofnframlög og eignarhlutir í félögum .....	10 1.567.714	1.567.742	903.665	903.693
	Langtímakröfur .....	11 274.736	3.986.627	301.326	4.018.122
		1.842.450	5.554.369	1.204.991	4.921.815
	<b>Fastafjármunir</b>	<b>33.704.421</b>	<b>35.103.372</b>	<b>44.572.320</b>	<b>46.104.842</b>
<b>Veltufjármunir</b>					
Skammtímakröfur:					
	Óinnheimtar skatttekjur .....	12 1.375.268	1.255.305	1.375.268	1.255.305
	Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	11 28.518	71.732	36.139	76.145
	Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	72.484	0	0	0
	Aðrar skammtímakröfur .....	12 686.234	848.208	791.454	952.936
	Handbært fé.....	3j 27.944	39.143	34.368	195.786
	<b>Veltufjármunir</b>	<b>2.190.448</b>	<b>2.214.388</b>	<b>2.237.229</b>	<b>2.480.172</b>
	<b>Eignir samtals</b>	<b>35.894.869</b>	<b>37.317.760</b>	<b>46.809.550</b>	<b>48.585.014</b>
Eignir utan efnahagsreiknings ..... 3k					

# 31. desember 2010

## Eigið fé og skuldir

Skýr.	A hluti		A og B hluti		
	2010	2009	2010	2009	
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	13	5.874.845	4.068.254	8.979.714	6.922.018
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....		5.337.569	4.897.200	5.486.769	5.045.656
Skattskuldbinding.....		33.812	53.773	33.812	53.773
Aðrar skuldbindingar.....		111.915	118.795	111.915	118.795
	14	5.483.296	5.069.768	5.632.496	5.218.224
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	15	14.357.171	19.236.817	22.083.413	26.211.036
Leiguskuldir.....	16	1.728.936	1.652.486	1.728.936	1.652.486
		16.086.108	20.889.303	23.812.349	27.863.522
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....		691.721	238.751	865.423	238.751
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		552.239	600.548	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	15	4.895.197	4.299.313	5.133.220	6.105.216
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	16	73.290	171.382	73.290	171.382
Næsta árs afborganir skuldbindinga.....		96.880	93.988	104.880	101.688
Aðrar skammtímaskuldir .....		2.141.292	1.886.453	2.208.177	1.964.213
		8.450.620	7.290.435	8.384.990	8.581.250
Skuldir og skuldbindingar samtals		30.020.023	33.249.506	37.829.836	41.662.996
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>35.894.869</b>	<b>37.317.760</b>	<b>46.809.550</b>	<b>48.585.014</b>
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings .....	18				



# Sjóðstreymisýfirlit 2010

Skýr	A hluti			A og B hluti			
	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Ársreikningur 2009	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Ársreikningur 2009	
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða.....	13	214.503	306.737	(1.513.323)	465.607	410.641	(1.681.157)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Söluhagnaður .....		0	0	(302.581)	0	0	(302.581)
Tekjur af gatnagerð .....		0	0	(502.868)	0	0	(502.868)
Afskriftir .....	9	626.637	584.605	571.360	878.102	892.884	787.257
Verðbætur og gengismunur .....		(910.728)	8.874	1.086.356	(843.485)	208.907	1.681.853
Skattskuldbinding, breyting .....		(19.961)	0	53.773	(19.961)	0	53.773
Önnur skuldbinding, breyting .....		(6.880)	0	0	(6.880)	0	0
Hækkun á lífeyrisskuldb .....	14	417.598	343.012	632.339	427.182	348.012	649.416
Veltufé frá rekstri		321.169	1.243.228	25.056	900.565	1.860.444	685.692
Breytingar á rekstrar- tengdum eignum og skuldum:							
Óinnh. skatttekjur, (hækkun) .....		(119.963)	(15.560)	(207.421)	(119.963)	(223.718)	(207.421)
Aðrar skammtímakr., breyting .....		161.894	0	1.418.940	161.401	0	1.399.252
Skammtímaskuldir, breyting .....		254.839	(42.655)	(1.278.755)	243.965	375.868	(1.296.011)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar	14	(86.807)		(83.339)	(95.347)		(90.960)
Samtals		209.964	(58.215)	(150.576)	190.056	152.150	(195.139)
Handbært fé frá (til) rekstrar		531.133	1.185.013	(125.520)	1.090.621	2.012.594	490.553
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárumnum .....	9	(1.235.788)	(700.000)	(1.581.761)	(1.358.392)	(825.000)	(2.125.514)
Fyrirfram innh. tekjur, breyting.....		0	0	(987.410)	0	0	(987.410)
Fjárfesting í eignarhlutum .....		0	0	(24.377)	0	0	(24.377)
Innborgað vegna sölu eigna.....		849	0	3.073.377	655	0	3.073.377
Langtímakröfur, breyting.....		3.818.492	850.000	31.331	3.821.763	924.593	22.213
Fjárfestingarhreyfingar		2.583.553	150.000	511.160	2.464.026	99.593	(41.710)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Tekin ný langtímalán .....	15	576.974	3.000.000	1.558.241	1.326.974	4.030.000	2.202.241
Afborganir langtímalána .....	15	(3.966.492)	(4.496.962)	(1.087.833)	(5.601.170)	(6.245.892)	(1.252.110)
Afborganir leiguskuldar.....	16	(68.542)	0	0	(68.542)	0	0
Skammtímalán, breyting.....		452.970	0	(1.384.717)	626.672	0	(1.384.717)
Viðskiptast. eigin fyrirt., breyting.....		(120.793)	191.786	497.522	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		(3.125.884)	(1.305.176)	(416.787)	(3.716.066)	(2.215.892)	(434.586)
<b>(Lækkun) hækkun á handb fé.....</b>		(11.198)	29.837	(31.147)	(161.418)	(103.705)	14.256
<b>Handbært fé í årsbyrjun.....</b>		39.143	48.100	70.290	195.786	192.515	181.530
<b>Handbært fé í árslok.....</b>		27.944	77.937	39.143	34.368	88.810	195.786

# Skýringar

---

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Hafnarfjarðarbær er sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu og voru íbúar 26.099 þann 1. desember 2010. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Strandgötu 6 í Hafnarfirði.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2010 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð auk Eignasjóðs og GN eigna ehf. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Vatnsveita Hafnarfjarðar, Fráveita Hafnarfjarðar, Hafnarfjarðarhöfn og Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupna á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyrir útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á framkvæmdakostnaði vegna nýbyggingar gatnamannvirkja sbr. skýr. 3d. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur vegna viðkomandi verkefnis er færsla tekna í rekstrarreikning gerð við verklok.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## Skýringar, frh.:

---

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

#### d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af og íbúðarhúsnæði, eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjárfesting vegna gatnagerðarframkvæmda er eignfærð að frádregnum álögðum gatnagerðargjöldum.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsejlanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

Íbúðarhúsnæði er skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningi sem er gangvirði þess á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti og eru allar verðmatshækkningar vegna þessa færðar á eiginfjárreikning. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning.

#### e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	10 - 90 ár
Veitur, götur og hafnarmannvirki.....	25 - 40 ár
Aðrar eignir.....	3 - 8 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

#### f. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Fasteignir.....	20 - 26 ár
-----------------	------------

#### g. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

## Skýringar, frh.:

---

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

#### h. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

#### i. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

#### j. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

#### k. Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting A hluta í landi sem ekki er leigt út og umferðarmannvirkjum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

#### l. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2010. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 14a.

#### m. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

#### n. Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

#### o. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings og önnur mál

Upplýsingar um skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings og önnur mál eru birtar í skýringum 18 og 20.

#### p. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2010 er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, sjóðstreymisfirliti og skýringum.

## Skýringar, frh.:

### 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010
<b>Útsvar og fasteignaskattur:</b>				
Útsvar .....	8.257.538	7.750.000	8.257.538	7.750.000
Fasteignaskattur .....	1.721.366	1.763.324	1.686.956	1.704.955
Lóðarleiga .....	327.913	331.690	327.913	331.690
	<u>10.306.818</u>	<u>9.845.014</u>	<u>10.272.407</u>	<u>9.786.645</u>
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>				
Framlag vegna grunnskóla .....	270.025	324.000	270.025	324.000
Framlag vegna sérþarfa fatlaðra.....	81.480	80.520	81.480	80.520
Framlag vegna nýbúafraeðslu.....	21.120	21.660	21.120	21.660
Framlag vegna tryggingagjalds.....	101.834	0	101.834	0
Aukaframlag .....	90.938	0	90.938	0
	<u>565.397</u>	<u>426.180</u>	<u>565.397</u>	<u>426.180</u>
Skatttekjur samtals.....	<u>10.872.214</u>	<u>10.271.194</u>	<u>10.837.804</u>	<u>10.212.825</u>
<b>Aðrar tekjur:</b>				
Þjónustutekjur .....	817.770	1.163.396	1.144.083	1.140.794
Endurgreiðslur.....	341.083	257.610	341.083	247.610
Eignatekjur .....	333.328	357.136	532.235	557.136
Vatnsskattur.....	0	0	327.883	340.161
Holræsagjald .....	0	0	440.308	423.825
	<u>1.492.180</u>	<u>1.778.142</u>	<u>2.785.592</u>	<u>2.709.526</u>
Rekstrartekjur samtals .....	<u>12.364.395</u>	<u>12.049.336</u>	<u>13.623.396</u>	<u>12.922.351</u>

### 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	5.428.324	4.778.417	5.560.049	4.911.432
Launatengd gjöld .....	1.389.093	1.048.922	1.426.258	1.078.119
	<u>6.817.417</u>	<u>5.827.339</u>	<u>6.986.307</u>	<u>5.989.551</u>
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	417.598	350.000	427.182	355.000
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>7.235.015</u>	<u>6.177.339</u>	<u>7.413.489</u>	<u>6.344.551</u>

Í árslok 2010 störfuðu 1.863 starfsmenn hjá sveitarfélaginu í 1.253 stöðugildum.

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu 32,6 millj. kr. á árinu 2010.

### 6. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Vöru- og þjónustukaup.....	2.337.644	2.473.464	2.612.748	2.389.674
Styrkir, framlög og annar kostnaður.....	2.106.942	1.902.674	2.109.497	1.902.674
Annar rekstrarkostnaður samtals.....	<u>4.444.586</u>	<u>4.376.138</u>	<u>4.722.245</u>	<u>4.292.348</u>

## Skýringar, frh.:

### 7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010	Ársreikningur 2010	Áætlun 2010
Vaxtatekjur, arður og verðbætur .....	241.876	232.457	251.455	273.565
Afföll skuldabréfa.....	(174.209)	0	(174.209)	0
Fjármagnstekjuskattur.....	(15.477)	0	(16.054)	0
Vaxtagjöld .....	(715.860)	(731.566)	(972.084)	(1.017.869)
Verðbætur .....	(266.558)	(105.409)	(392.467)	(237.623)
Vaxtagjöld og verðb., eigin fyrirtæki.....	(14.083)	0	0	0
Gengismunur .....	1.100.656	0	1.159.407	0
Samtals.....	156.347	(604.518)	(143.953)	(981.927)

### 8. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2010			Áætlun 2010
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Nettó
<b>Aðalsjóður:</b>				
Skatttekjur .....	0	11.157.809	11.157.809	10.521.194
Félagsþjónusta.....	1.457.464	306.454	(1.151.009)	(1.011.430)
Heilbrigðismál.....	61.142	0	(61.142)	(61.142)
Fræðslu- og uppeldismál.....	7.954.185	862.212	(7.091.973)	(6.268.242)
Menningarmál.....	339.248	30.268	(308.980)	(304.044)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	2.039.294	585.829	(1.453.465)	(1.319.582)
Brunamál og almannavarnir.....	144.174	0	(144.174)	(129.460)
Hreinlætismál.....	176.246	162.310	(13.936)	(51.317)
Skipulags- og byggingarmál.....	166.538	62.769	(103.769)	(84.312)
Umferðar- og samgöngumál.....	371.882	0	(371.882)	(359.380)
Umhverfismál.....	36.606	0	(36.606)	(36.606)
Atvinnumál.....	31.621	12.566	(19.054)	(9.122)
Sameiginlegur kostnaður.....	1.140.688	111.170	(1.029.518)	(870.506)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	(402.021)	0	402.021	227.457
Aðalsjóður samtals	13.517.067	13.291.388	(225.678)	243.508
<b>A hluta stofnanir:</b>				
Eignasjóður.....	1.741.827	2.283.023	541.195	3.727
GN eignir ehf.....	392.811	291.797	(101.014)	59.502
Innri færslur A hluta.....	(3.501.813)	(3.501.813)	0	0
A hluti samtals	12.149.892	12.364.395	214.503	306.737
<b>B hluta fyrirtæki:</b>				
Vatnsveita .....	199.210	353.968	154.758	161.044
Fráveita .....	420.420	440.308	19.888	(1.489)
Hafnarsjóður.....	193.155	357.056	163.901	(12.846)
Húsnæðisskrifstofa.....	286.350	198.907	(87.443)	(42.805)
Innri færslur A og B hluta.....	(91.238)	(91.238)	0	0
A og B hluti samtals	13.157.789	13.623.396	465.607	410.641

## Skýringar, frh.:

### 9. Varanlegir rekstrarfjármunir

#### a. Bókfært verð

##### A hluti

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir, lóðir og lendur	Götur og byggingareitir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2010.....	32.856.965	2.592.760	765.329	36.215.054
Afskrifað áður .....	(6.590.640)	(486.789)	(429.222)	(7.506.651)
Bókfært verð 1.1.2010.....	26.266.325	2.105.971	336.107	28.708.403
Viðbót á árinu .....	569.647	629.629	36.513	1.235.788
Fært út á árinu.....	0	0	(849)	(849)
Endurmat lóða og lendna í árslok .....	1.704.666	0	0	1.704.666
Afskrifað á árinu .....	(411.514)	(98.097)	(65.800)	(575.410)
Bókfært verð 31.12.2010.....	28.129.124	2.637.504	305.970	31.072.598
Samtals heildarverð 31.12.2010.....	35.094.103	3.222.389	800.992	39.117.484
Afskrifað samtals .....	(6.964.979)	(584.885)	(495.022)	(8.044.887)
Bókfært verð 31.12.2010.....	28.129.124	2.637.504	305.970	31.072.598
Afskriftarhlutföll .....	0-10%	4,0%	10-33%	

Leigðar eignir greinast þannig:

	Samtals
